



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 12. okt. 2019 – 31. mars 2020

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Fulltrúar MN sóttu ferðaráðstefnuna World Travel Market í London í byrjun nóvember. Ráðstefnan er haldin árlega og er ein sú stærsta í heimi af þessu tagi. Einn fulltrúi MN sinnti þátttöku í samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna og Íslandsstofu, en jafnframt fóru tveir fulltrúar á vegum MN til að sækja sér þekkingu um nýjustu strauma og stefnur í ferðaþjónustu. Þar náðust fundir með fulltrúum frá ferðaskrifstofum í Bretlandi, ráðgjöfum í ferðaþjónustu og fleirum.

Flugklasinn tók þátt í ferðasýningunni Vakantiebeurs í Hollandi um miðjan janúar. Þetta var í annað sinn sem Flugklasinn sækir sýninguna, en veran á þessari sýningu er mikilvæg til að styðja við starfsemi Voigt Travel og fá innsýn í hollenska markaðinn.

Flugklasinn átti jafnframt fulltrúa á Mannamóti í janúar, sem Markaðsstofur landshlutanna standa fyrir, þar sem ferðaþjónustuaðilar af öllu landinu hittast og kynna sínar vörur fyrir ferðaskrifstofum.

MN og Flugklasinn áttu nokkra fulltrúa á Mid-Atlantic ferðasýningunni í Reykjavík um mánaðamótin janúar-febrúar, en þar náðust um 50 fundir með ferðaskrifstofum með áhuga og/eða starfsemi á Íslandi.

Ferðasýningin ITB í Berlín, sem er ein sú stærsta í heimi, féll niður að þessu sinni vegna Covid 19.

Flugklasinn tók þátt í skipulagningu og kostnaði við ferð á vegum Voigt Travel til að taka upp myndband af dæmigerðri heimsókn Hollendinga til Norðurlands að vetrarlagi. Er þetta í framhaldi af hliðstæðri ferð sem farin var í september s.l. Upptökur fóru fram um mánaðamótin febrúar-mars og mun þetta efni verða notað til markaðssetningar á ferðum Voigt Travel hingað næsta vetur.

Flugklasinn tók þátt í skipulagningu og kostnaði við FAM ferð á vegum Voigt Travel, þar sem 7 ferðasöluaðilar ásamt fulltrúa frá Transavia og markaðsstjóra Voigt Travel komu í heimsókn til að kynna þjónustuframboði og náttúru Norðurlands. Ferðin heppnaðist mjög vel og vonir standa til að þetta verði til þess að auka enn við sölu á ferðum frá Hollandi til Norðurlands.

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

MN hefur átt áfram gott samstarf við Isavia varðandi móttöku og samskipti við flugrekstraraðila með áhuga á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Fulltrúi MN hefur átt reglulega fundi með flugvallarstjóranum á Akureyri til að stilla saman strengi og ná sem bestum árangri í viðræðum við flugrekstraraðila.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugklasinn hefur unnið að því að sækja meira leiguflug, svipað því sem Super Break og Voigt Travel eru að gera. Það styrkir áfangastaðinn og gerir hann meira aðlaðandi fyrir flugfélög til að setja upp áætlunarflug hingað í framtíðinni.

MN réði Chris Hagan, fyrrum starfsmann Super Break, til þess að kortleggja frekar breska markaðinn með það að markmiði að finna nýja aðila til að sinna beinu flugi frá Bretlandi til Akureyrar. Byggt á þeirri greiningu fóru fulltrúar Flugklasans og MN á fund nokkurra ferðaskrifstofa og flugfélaga í Bretlandi í febrúar. Í ljós kom mikill áhugi fyrir áfangastaðnum Norðurlandi og greinilegt að ferðamannaleiðirnar Norðurstrandarleið og Demantshringurinn hafa nú þegar hjálpað til við að auka á kynningu á svæðinu. Áfram verður unnið á grundvelli þessara samtala til að reyna að auka umferð ferðamanna frá Bretlandi.

Flugklasinn hefur haldið áfram nánú samstarfi við Voigt Travel í Hollandi. Búið er að nefna þátttöku í myndbandsupptökum og FAM ferð en því til viðbótar eru regluleg samskipti og vinna varðandi stöðuna hverju sinni og framtíðaráform. Áformað var núna í vor að halda vinnustofur á Norðurlandi með svipuðu sniði og gert var síðasta vor, þar sem starfsmenn Voigt Travel og erlendur ráðgjafi í samskiptum taka heilan dag í fræðslu og þjálfun fyrir ferðapjónustufólk. Mikil ánægja var með þessar vinnustofur síðast og eru þær mikilvægar til þess að styrkja samstarf Voigt Travel við ferðapjónustuna á Norðurlandi. Nú er ljóst að þessar vinnustofur verða ekki í vor, en þær munu fara fram þegar Covid 19 leyfir.

Fyrsta vetrarflug á vegum Voigt Travel lenti á Akureyrarflugvelli 15. febrúar, en flogið var tvisvar í viku á mánudögum og föstudögum frá Amsterdam. Hollenska flugfélagið Transavia annaðist flugið og notaði til þess Boeing 737-700 flugvélar sem taka 149 farþega. Norðlendingar gátu einnig nýtt sér þessar flugferðir og annaðist Ferðaskrifstofa Akureyrar sölu á bæði tilbúnum pökkum og stökum flugsætum. Sú sala gekk mjög vel og margir sem nýttu sér þennan kost. Alls voru flognar 8 ferðir og gekk framkvæmdin mjög vel. Reyndar þurfti að fresta fyrsta fluginu um einn dag, en það var vegna storms sem stöðvaði alla flugumferð til Íslands þann dag. Að öðru leyti gengu þessar flugferðir mjög vel.

Voigt Travel áformar 14 flugferðir í sumar, vikuleg flug frá 1. júní, og svo jafnframt 14 flugferðir næsta vetur, sem er talsverð aukning frá fyrri vetri. Þessi áform fyrir sumarið geta mögulega breyst vegna Covid 19, en ekki er búið að breyta neinum áætlunum ennþá. Tíminn verður að leiða í ljós hvernig það endar. En hvernig sem það fer, þá er enginn bilbugur á Voigt Travel og fyrirtækið vill áfram byggja upp aukna umferð beint til Akureyrar til framtíðar.

Innra starf

Verkefnið að auka millilandaflug um Akureyrarflugvöll er eitt stærsta verkefnið sem MN hefur á sínum höndum og gríðarlegt hagsmunamál fyrir ferðapjónustuna og Norðlendinga alla. Því hefur mikil áhersla verið lögð á að pressa á stjórnvöld til að vinna að uppbyggingu flugvallarins.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Þriðjudaginn 15. október hélt Flugklasinn málþing og vinnustofu í Hofi undir yfirskriftinni „Flug til framtíðar“. Fjallað var um millilandaflug um Akureyrarflugvöll og hindranir og tækifæri því tengt. Fulltrúar frá bæði Super Break og Voigt Travel töluðu um sína reynslu af beinu flugi til Akureyrar og fóru yfir þeirra framtíðarsýn í þeim efnum. Þá var einnig fjallað um millilandaflug í tengslum við byggðamál. Í framhaldi af málþinginu haldin vinnustofa þar sem gestum gafst tækifæri til að ræða málin. Þátttakan var mjög góð og yfir 100 manns mættu og tóku þátt. Afrakstur fundarins var betri innsýn í verkefnið í heild sinni og almennt meiri einurð heimamanna til að berjast fyrir uppbyggingu Akureyrarflugvallar.

Í nóvember lét MN vinna mat á ávinningi af millilandaflugi á Akureyri, byggt á fjórum mismunandi sviðsmyndum. Niðurstöður þessarar vinnu er að finna á heimasíðu MN, bæði greinargerð Jóns Þorvaldar Heiðarssonar hagfræðings og myndræna framsetningu á nokkrum niðurstöðum úr greinargerðinni. <https://www.northiceland.is/is/markadsstofan/air-66n/millilandaflug-um-akureyri>

19. desember stóð MN svo fyrir fundi um flugmál á Akureyri. Vel var mætt, um 100 þátttakendur allt í allt, þar á meðal 7 þingmenn Norðvestur- og Norðausturkjördæma. Farið var yfir stöðu mála varðandi Akureyrarflugvöll og uppbyggingu þar. Niðurstaða fundarins var ákall til stjórnvalda að setja fjármuni inn á samgönguáætlun svo hægt sé að ráðast í framkvæmdir við uppbyggingu innviða á flugvellinginum sem fyrst. Upptöku frá fundinum, myndir og glærur fyrirlesara má finna á heimasíðu MN. <https://www.northiceland.is/is/markadsstofan/frettir-af-innra-starfi/frettir/glaerur-og-upptaka-fra-fundi-um-flugmal>

Þessi pressa skilaði árangri. Rétt fyrir jól sendu ráðherrar ferðamála og samgöngumála út viljayfirlýsingu þess efnis að byggja upp Akureyrarflugvöll sem gátt inn í landið. Í kjölfarið skipaði samgönguráðherra aðgerðahóp til þess að fjalla um þær úrbætur sem þyrfti að gera á flugstöðinni á Akureyri svo hún gæti sinnt betur sínu hlutverki. Undirritaður átti sæti í þessum hópi ásamt fulltrúum frá Akureyrarbæ, Eyþing, Isavia, ráðuneyti ferðamála og ráðuneyti samgöngumála. Þessi hópur hefur lokið störfum og skilaði skýrslu sinni til ráðherra í gær, 30. mars. Þar er lagt til að byggð verði um 1000 fm. viðbygging við núverandi flugstöð sem muni hýsa starfsemi vegna millilandaflugs. Jafnframt verði gerðar breytingar á núverandi flugstöð í samræmi við breytt skipulag innanhúss.

Í gær voru einnig samþykkt fjárukalög á alþingi þar sem fjármunum er ráðstafað í að hefja undirbúning að stækkun flugstöðvar og uppbyggingu flughlaðs á Akureyri. Er þetta gríðarlegur sigur fyrir okkur öll sem höfum lengi barist fyrir þessari uppbyggingu. Mun þetta gjörbreyta allri aðstöðu á flugvellinginum og gera hann betur í stakk búinn til að vaxa og dafna sem sú millilandaagátt sem við viljum sjá hann verða.

ILS búnaðurinn umtalaði er kominn í gagnið og nú þegar farinn að sanna gildi sitt. Í 7 af 8 flugferðum Transavia hingað í vetur þá notaði flugfélagið nýja ILS búnaðinn. Að minnsta kosti í 1 skipti af þessum 8 þá skipti nýi ILS búnaðurinn sköpum – vélin hefði ekki getað lent án búnaðarins. Mýflug, sem sér um sjúkraflug út frá Akureyri, notar þennan búnað mjög mikið og segir hann mikið framfaraskref fyrir öryggi og nýtingarmöguleika flugvallarins. Norlandair, sem sinnir áætlunarflugi til 3ja flugvalla innanlands auk



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

flugi til Grænlands, notar búnaðinn einnig mikið. Mikilvægi búnaðarins er því ótvírætt, og allt tal um að þessi búnaður skipti ekki máli og hafi verið óþarfi er því einfaldlega ekki rétt.

Hvað er framundan?

Núna ríkir mikil óvissa um ferðalög til nánustu framtíðar vegna Covid 19 faraldursins. Aðgerðir vegna Covid 19 hafa þegar orðið til þess að ferðalög hafa nánast stöðvast milli landa og miklar takmarkanir eru á ferðalögum fólks, bæði milli landa og innan þeirra. Til skemmri tíma hefur þetta gríðarleg áhrif á ferðabjónustu og óvissu um hvenær hlutir komast aftur í eðlilegt horf. Covid 19 gæti haft áhrif á þær flugferðir sem Voigt Travel hefur sett upp í sumar og hugsanlega næsta vetur líka miðað við svartsýnustu spár. Hins vegar er þetta ástand tímabundið og mun ganga yfir – það er bara spurning hversu hratt.

Þetta ástand sem nú ríkir hefur sett alla hluti í bið, og líklegt að þannig verði áfram næstu vikur. Um leið og tilefni er til, mun Flugklasinn halda áfram sinni sókn til þess að ná inn meira flugi erlendis frá beint til Akureyrar. Það er mikilvægara en nokkru sinni að auka flug beint til Akureyrar. Það er jafnframt trú Flugklasans að áfangastaðurinn Norðurland verði enn fýsilegri kostur eftir faraldurinn, með allt sitt landrými, fólksfæð, stórbrotna náttúru en jafnframt hátt þjónustustig.

Það er ljóst að gríðarlegur áfangasigur hefur náðst með ákvörðun stjórnvalda um að fjármagna uppbyggingu á flugstöð og flughlaði á Akureyrarflugvelli. Því ber að fagna og verkefnið næstu mánuði er að sjá til þess að þessar framkvæmdir fari af stað. En jafnframt þarf að halda áfram baráttunni fyrir því sem enn vantar uppá. Þar á meðal má nefna jöfnun verðs á flugvélaeldsneyti, en ennþá er miklu dýrara að kaupa þotueldsneyti á Akureyri en í Keflavík. Þessu verður að breyta svo Akureyrarflugvöllur geti verið að fullu samkeppnishæfur til að taka á móti millilandaflugi – verið í raun ný gátt inn í landið.

Akureyri, 31. mars 2020

Hjalte Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N